Reykjavík, 10. Nóvember 2026
USK26050052

Fossvogsblettur 2-2A - Breyting á deiliskipulagi – svar við athugasemdum

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Fossvogsbletts 2 og 2A. Í breytingunni sem lögð er til felst að fjöldi barna á leikskólanum fer úr 150 í 200, byggingarreitur B1 er stækkaður þannig að megi koma fyrir hjóla-, vagna- og útigeymslum innan reitsins en byggingarmagn helst óbreytt. Auk þess er bíla- og hjólastæðum fjölgað, samkvæmt uppdr. Landmótunar, dags. 22. maí 2026. Einnig er lagt fram Samgöngumat Verkís, ódags..

Umsögn

Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma lúta að mestu að fyrirhugaðri fjölgun barna í leikskólanum úr 150 í 200, óvissu um þörf á leikskólaplássi í hverfinu, áhrifum aukinnar umferðar, umferðaröryggi, bílastæðaþörf, staðsetningu leikskólans og samráði við íbúa.

Um stærð leikskólans og fjölgun barna úr 150 í 200

Bent er á að breytingin felur ekki í sér aukið byggingarmagn eða stækkun leikskólabyggingarinnar. Breytingin snýr að heimild til að taka við allt að 200 börnum í stað 150 barna og jafnframt að því að fjölga hjóla- og bílastæðum í samræmi við niðurstöður samgöngumats. Byggingarreitur er aðeins stækkaður til að rúma hjóla-, vagna- og útigeymslur en ekki til að stækka leikskólahúsnæðið sjálft.

Við hönnun nýrra leikskóla í Reykjavík er miðað við að jafnaði verði 6-10 deildir undir einu þaki. Miðað er við að í hverjum leikskóla sé ein sérhæfð ungbarnadeild, að ungbarnadeildir séu fyrir 12-16 börn, miðdeildir 16-20 börn og elstu barna deildir 20-24 börn. Heildarfjöldi barna verður að hámarki 200. Það er fordæmi um þessa stærð leikskóla í Reykjavík, til að mynda Rauðhóll í Norðlingaholti.

Varðandi þörf fyrir leikskólapláss á þessu svæði þá eru mörg börn 12 mánaða og eldri á biðlista eftir leikskólaplássi í hverfinu. Flest börn hefja sína leikskólavist á haustin þegar elstu börn leikskóla fara í grunnskóla. Því má því gera ráð fyrir auknum fjölda barna á biðlista þegar nær dregur stóru innritun í leikskóla í mars á næsta ári. Foreldrar sækja samkvæmt reglum um að allt að sjö leikskóla og að lágmarki tvo. Í núgildandi reglum er ekki heimild til að innrita börn og/eða veita forgang út frá hverfi og því ekki hægt að koma í veg fyrir að foreldrar í öðrum hverfum sæki um pláss í leikskólanum fyrir börnin sín.

Um aukna umferð og afkastagetu gatnakerfis

Margar athugasemdir lýsa áhyggjum af aukinni umferð um Fossvogsveg, Eyrarland og Háaleitisbraut. Gerð hefur verið ítarleg greining á umferðaraðstæðum og umferðarsköpun vegna fyrirhugaðs leikskóla á Fossvogsbletti 2 og 2A sem sett er fram í samgöngumati Verkís (dags. 26. janúar 2026). Núverandi sólarhringsumferð (ÁDU) á Fossvogsvegi við reitinn er um 380 ökutæki á sólarhring samkvæmt nýlegum mælingum. Samkvæmt samgöngumati er áætlað að umferðaraukning vegna 200 barna leikskóla verði á bilinu 220 til 290 ökutæki á sólarhring,

háð ferðavenjum. Jafnvel þegar tekið er tillit til nýrrar íbúðabyggðar við Fossvogsveg 8–36 er áætlað heildarumferðarmagn á götunni um 800 ökutæki á sólarhring.

Samkvæmt hönnunarviðmiðum um borgargötur er afkastageta 6 metra breiðra íbúðagötu með 30 km/klst hámarkshraða að jafnaði um 1.500–2.000 ökutæki á sólarhring. Heildarumferðarmagnið verður því áfram vel innan þeirra viðmiða sem byggt er á. Áætlað er að umferðin muni dreifast nokkuð jafnt um aðkomuleiðirnar tvær; um Háaleitisbraut annars vegar og Eyrarland hins vegar.

Einnig bárust ábendingar um misræmi í eldri umsögn deildar samgangna frá árinu 2023 og samgöngumati Verkís, það skal tekið fram að eldri forsendur voru gróft hámarksmat sem byggði á einföldum reikningum fyrir hverfið í heild, en samgöngumat Verkís byggir á ítarlegra reikningum, nýrri ferðavenjukönnunum frá 2024 og nákvæmari greiningu.

Nokkrar athugsemdir fjalla um að fyrirhugaður fjöldi bílastæða sé ófullnægjandi. Fjöldi bíla- og hjólastæða hefur verið metinn sérstaklega í samgöngumati samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um bíla- og hjólastæði. Þar er niðurstaðan sú að viðmiðunarfjöldi bílastæða fyrir leikskólann sé 31 stæði. Í skipulagstillögunni eru 33 bílastæði auk stæðis fyrir vörumóttöku og er því gert ráð fyrir fleiri stæðum en samgöngumatið telur nauðsynlegt.

Bent hefur verið á að starfsfólk gæti nýtt stóran hluta þessara stæða. Rétt er að hafa í huga að vinnutími starfsfólks í leikskólum er að einhverju leyti breytilegur og dreifist þannig nokkuð yfir daginn. Reykjavíkurborg rekur virka samgöngustefnu fyrir starfsfólk sitt (með samgöngusamningum, styrkjum og bættri hjólaaðstöðu) sem dregur úr bílanotkun til og frá vinnu. Varðandi komu foreldra með börn er miðað við að meðalviðdvöl við leikskóla sé stutt (á bilinu 7–10 mínútur) og dreifist yfir um einnar og hálfrar til tveggja klukkustunda tímabil á morgnana og síðdegis. Þau 10 stæði sem skilgreind eru skammtímastæði fyrir foreldra hafa því mikla veltu.

Til að koma í veg fyrir að bílastæðaskortur valdi ónæði í aðliggjandi götum verður gerð krafa um skýra aðgreiningu og merkingar á starfsmannastæðum annars vegar og skammtímastæðum (foreldrastæðum) hins vegar innan lóðar, ásamt því að fylgst verði náið með nýtingu þeirra eftir opnun.

Um umferðaröryggi

Áhyggjur íbúa af öryggi gangandi og hjólandi barna eru skiljanlegar og hafa verið sérstaklega skoðaðar. Umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda, sérstaklega barna á leið í skóla, er algjört forgangsatriði. Samkvæmt slysaskráningu Samgöngustofu síðustu 10 ár hafa ekki orðið skráð umferðarslys milli bíla og gangandi/hjólandi vegfarenda á Fossvogsvegi sjálfum. Hins vegar er staðreynd að aukin umferð kallar á markvissar öryggisaðgerðir. Í matinu eru lagðar fram tillögur að mótvægisaðgerðum, m.a. að fylgjast með þróun umferðarhraða á Fossvogsvegi, að grípa til frekari hraðatakmarkandi aðgerða ef þörf reynist, að bæta sjónlengdir við inn- og útkeyrslur, að takmarka bílastöður á ákveðnum köflum götunnar, að hafa aðskilda inn- og útkeyrslu að bílastæðum leikskólans

Um samráð og kynningu

Athugasemdir hafa borist um að samráð hafi verið ófullnægjandi. Tillagan hefur verið kynnt samkvæmt ákvæðum skipulagslaga og gefinn lögbundinn frestur til athugasemda. Fyrirliggjandi athugasemdir sýna að íbúar og aðrir hagsmunaaðilar hafa nýtt sér þann rétt og hafa sjónarmið

þeirra verið tekin til formlegrar umfjöllunar við afgreiðslu málsins. Hér verður listað upp samantekt af athugasemdum sem bárust og þeim svarað lið fyrir lið.

Athugasemdir

Tillagan var í kynningu fá 9. júlí 2026 til og með 20. ágúst 2026. Alls bárust 15 athugasemdir:

1. Guðleif Fríður Sigurjónsdóttir 13.07.2026
2. Veitur 21.07.2026
3. Einar Kristján Haraldsson 11.08.2026
4. Eva Bryndís Helgadóttir 18.08.2026
5. Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf 19.08.2026
6. Sigurður Árnason 20.08.2026
7. Marteinn Briem 20.08.2026
8. Katla Guðjónsdóttir 20.08.2026
9. Jóhannes Albert Sævarsson 20.08.2026
10. Sigurjón Mýrdal 20.08.2026
11. Ómar Gaukur Jónsson 20.08.2026
12. Elmar Freyr Jensen 20.08.2026
13. Dagmar Markúsdóttir 20.08.2026
14. Ingibjörg Dröfn Friðriksdóttir 20.08.2026
15. Kristinn Kristinsson 02.09.2026

Athugasemdir og svör

1. Undirskriftalisti frá íbúum á svæðinu þar sem óskað er eftir endurmati á fyrirhuguðum framkvæmdum á lóðinni. Bent er á að íbúar hafi áður gert athugasemdir við stærð leikskólans og áhrif hans á umferð og umferðaröryggi. Þá er talið að 200 barna leikskóli sé of stór fyrir staðsetninguna og að aukin umferð leiði til skertra lífsgæða og aukinnar slysahættu.

Svar: Fyrir liggur uppfært samgöngumat vegna leikskólans þar sem áhrif starfseminnar á umferð og umferðaröryggi eru metin sérstaklega. Niðurstaða matsins er að gatnakerfið geti tekið við áætlaðri umferð vegna leikskólans og að umferðarmagn verði áfram undir afkastagetu götunnar. Jafnframt eru lagðar fram tillögur að umferðaröryggisaðgerðum og mælt með að fylgst verði með hraðaþróun á Fossvogsvegi. Breytingin felur ekki í sér aukið byggingarmagn heldur hækkun á hámarksfjölda barna og fjölgun stæða í samræmi við samgöngumat.

Nýr leikskóli með góðu leiksvæði mun vera viðbót við núverandi útivistarsvæði dalsins og auka lífsgæði barna á svæðinu. Leikskólinn eykur möguleika barna til að sækja þjónustu í göngu- eða hjólafæri inn hverfisins. Mörg hverfi sem njóta mestrar eftirspurnar eru einmitt með góðum leikskóla, grunnskóla og útivistarsvæði í göngufæri.

Athugasemdin hefur verið metin og gefur ekki tilefni til breytinga á deiliskipulagstillögunni.

2. Veitur hafa kynnt sér tillöguna og gera engar athugasemdir

3. Gerðar eru athugasemdir við staðsetningu leikskólans og bendir á umferð um Eyrarland geti aukist verulega. Lagt er til að Fossvogsvegur verði lokaður fyrir gegnumakstur til þess að minnka umferð og auka öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda. Hefur áhyggjur af aukinni umferð sem þverar gönguleiðir og bendir á að endurgera göngustíga á svæðinu.

Svar: Val á staðsetningu leikskólans hefur þegar verið ákveðin í gildandi deiliskipulagi. Ekki er talið heppilegt að breyta Fossvogsvegi í botnlangagötu eða einstefnu að svo stöddu. Botnlangi myndi neyða alla umferð um Eyrarland eða snúa allri umferð leikskólans og íbúa um sömu gatnamót, auk þess að torvelda aðgengi neyðarbíla og sorphirðu. Reynslan sýnir jafnframt að einstefna leiðir oft til hærri akstursshraða þar sem ökumenn leyfa sér að aka hraðar í trausti þess að engin komi á móti. Áfram verður því byggt á tvístefnu þó því verði haldið opnu að breyta því síðar þyki það vænlegur kostur. Umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda, sérstaklega barna á leið í skóla, er algjört forgangsatriði. Samkvæmt slysaskráningu Samgöngustofu síðustu 10 ár hafa ekki orðið skráð umferðarslys milli bíla og gangandi/hjólandi vegfarenda á Fossvogsvegi sjálfum. Hins vegar er staðreynd að aukin umferð kallar á markvissar öryggisaðgerðir. Í samræmi við ábendingar íbúa og tillögur samgöngumatsins verður gripið til ýmissa ráðstafana meðal annars að inn- og útkeyrslustútar að bílastæði leikskólans verða með einstefnu. Með þessu þurfa gangandi og hjólandi á gangstétt meðfram veginum aðeins að gæta að umferð úr einni átt í einu, auk þess sem dregið er úr árekstrarhættu við gatnamót Markarvegar. Einnig verður gerð krafa um sjónlínur við aðkomustúta og innkeyrslur tryggi óhindrað útsýni yfir gangstétt og akbraut.

Athugasemdin hefur verið metin og gefur ekki tilefni til breytinga á deiliskipulagstillögunni.

4. Áhyggjur af stærð skólans og telja að svo stór leikskóli eigi sér enga samsvörun við aðra leikskóla á landinu, sem almennt eru fyrir 60 til 75 börn. Hafa áður sent inn athugasemdir þar sem borgaryfirvöld voru hvött til þess að endurskoða stærð skólans og minnka hann. Telja að gögn með skipulagi sýni að mörg börn koma akandi í skólann og áhrif þess á hverfið. Hafa áhyggjur að leikskólinn mun þjóna aðallega börnum utan hverfisins, sem þurfa því að koma akandi til og frá skólanum, með tilheyrandi áhrifum á hverfið. Bent er á bókun Sjálfstæðisflokksins við fyrra skipulagi þar sem tekið er undir áhyggjur íbúa varðandi stærð leikskólans og áhrifum á umhverfið.

Svar: Við hönnun nýrra leikskóla í Reykjavík er miðað við að jafnaði verði 6-10 deildir undir einu þaki. Miðað er við að í hverjum leikskóla sé ein sérhæfð ungbarnadeild, að ungbarnadeildir séu fyrir 12-16 börn, miðdeildir 16-20 börn og elstu barna deildir 20-24 börn. Heildarfjöldi barna verði á bilinu 120 - 200. Það er fordæmi um þessa stærð leikskóla í Reykjavík, til að mynda Rauðhóll í Norðlingaholti.

Varðandi þörf fyrir leikskólapláss á þessu svæði þá eru mörg börn 12 mánaða og eldri á biðlista eftir leikskólaplássi í hverfinu. Flest börn hefja sína leikskólavist á haustin þegar elstu börn leikskóla fara í grunnskóla. Því má því gera ráð fyrir auknum fjölda barna á biðlista þegar nær dregur stóru innritun í leikskóla í mars á næsta ári. Foreldrar sækja samkvæmt reglum um að allt að sjö leikskóla og að lágmarki tvo. Í núgildandi reglum er

ekki heimild til að innrita börn og/eða veita forgang út frá hverfi og því ekki hægt að koma í veg fyrir að foreldrar í öðrum hverfum sæki um pláss í leikskólanum fyrir börnin sín.

Athugasemdin hefur verið metin og gefur ekki tilefni til breytinga á deiliskipulagstillögunni

5. Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf. hefur lögvarða hagsmuni af málinu þar sem félagið er lóðarhafi og hefur byggt raðhús til sölu að Fossvogsvegi 8–36, á næstu lóð við fyrirhugaðan leikskóla. Í umsögninni eru meðal annars gerðar athugasemdir við aðkomu, bílastæðaþörf, umferðarflæði, umferðaröryggi og hljóðvist. Einnig er bent á ósamræmi í eldri umsögn samgöngudeildar og samgöngumats.
Gerð er athugasemd við að samræma þurfi fjölda bílastæða í samgöngumati og á uppdrætti þannig að fjöldi og staðsetning bílastæða komi fram með skýrum hætti.

   Telja að samgöngumat sýni ekki með fullnægjandi hætti þá umferð sem 200 barna leikskóli hefur í för með sér og vísa í dóm Hæstaréttar í máli nr. 545/2015. þar sem íbúum voru dæmdar bætur vegna stækkunar skóla þar sem umferð varð í raun meiri en gert er ráð fyrir í skipulagi. Óskað er eftir því að meðfylgjandi umsögn og fylgiskjöl verði tekin til formlegrar meðferðar við afgreiðslu málsins.

Svar: Fyrir liggur sjálfstætt samgöngumat sem unnið var sérstaklega vegna verkefnisins og liggur til grundvallar fyrirliggjandi skipulagstillögu. Umhverfisáhrif breytingarinnar eru talin óveruleg þar sem byggingarmagn helst óbreytt og breytingar á stæðum eru í samræmi við niðurstöður matsins. Viðmið bílastæðafjölda er 31 í samgöngumati og þar af 3 fyrir hreyfihamlaða. Gert er ráð fyrir 33 bílastæðum á lóðinni og þar af 3 fyrir hreyfihamlaða. Staðsetning og fjöldi stæða eru tilgreind á uppdrætti.

Varðandi ábendingar um mun á eldri umsögn deildar samgangna frá árinu 2023 og samgöngumati Verkís, skal tekið fram að eldri forsendur voru gróft hámarksmat sem byggði á einföldum reikningum fyrir hverfið í heild, en samgöngumat Verkís byggir á ítarlegra reikningum, nýrri ferðavenjukönnunum frá 2024 og nákvæmari greiningu.

Athugasemdin hefur verið metin og gefur ekki tilefni til breytinga á deiliskipulagstillögunni

6. Fagnar nýjum leikskóla í hverfinu en hefur áhyggjur af stærð leikskólans og tilheyrandi umhverfisáhrifum. Telur að Reykjavíkurborg hafi ekki tekist með sannfærandi hætti að eiga samtal við íbúa um hvernig þessi starfsemi muni rýmast á fyrirhuguðum stað svo vel sé. Tekið er fram að íbúar séu ósammála þeirri niðurstöðu að Fossvogsvegur eigi að geta afkastað aukinni umferð sem tengist starfsemi leikskólans þar sem gatan ber tæplega þá umferð sem er í dag. Áhyggjur eru á því að bílum verði lagt ólöglega og að umferðarteppur myndist á gatnamótum.

Svar: Samráðsferlið er í samræmi við skipulagslög. Tillagan að breytingu á deiliskipulagi er auglýst til þess að íbúar og aðrir hagmunaaðilar hafi möguleika á að koma með athugasemdir sem Reykjavíkurborg metur hvort gefi tilefni til breytinga. Þetta er hluti

af samtali sem borgin á við íbúa og í því samhengi þarf að vega og meta hagsmuni núverandi nágranna, þarfir barna og fjölskyldna og skyldur til að tryggja leikskólapláss og jafnt aðgengi að þjónustu.

Fyrir liggur uppfært samgöngumat vegna leikskólans þar sem áhrif starfseminnar á umferð og umferðaröryggi eru metin sérstaklega. Niðurstaða matsins er að gatnakerfið geti tekið við áætlaðri umferð vegna leikskólans og að umferðarmagn verði áfram undir afkastagetu götunnar. Íbúar benda réttilega á að bílar sem lagt er í norðurkanti Fossvogsvegar þrengja akstursrýmið og geta valdið því að bílar sem aki götuna komast ekki fram hjá bílum sem þar er lagt. Þótt þrengingar geti haft þau jákvæðu áhrif að draga úr ökuhraða er ekki ásættanlegt að blindhorn skapist eða umferð teppist algjörlega.

Lagt er til að bannað verði að leggja bifreiðum í götukanti Fossvogsvegar á móts við bílaplan leikskólans og næst gatnamótum við Markarveg og Kjarrveg. Með því verða tryggð mætingarpláss á götunni (með 150–200 m millibili) og greið leið fyrir neyðarbíla og sorphirðubifreiðar.

Athugasemdin hefur verið metin og gefur ekki tilefni til breytinga á deiliskipulagstillögunni

7. Lýst er yfir óánægju með að ekki sé tekið tillit til fyrri umsagna íbúa á svæðinu. Telja að það vanti ekki leikskólapláss í þessu hverfi. Tekið er fram að leikskóli á lóðinni er á frábærum stað í náttúrulegu umhverfi en með fyrirhugaðri stærð leikskólans verður lítið pláss eftir fyrir náttúru og aðeins örfá tré standa eftir innan lóðar. Á fyrri stigum var sérstaklega minnst á verndun gróðurs.

Svar: Varðandi þörf fyrir leikskólapláss á þessu svæði þá eru mörg börn 12 mánaða og eldri á biðlista eftir leikskólaplássi í hverfinu. Flest börn hefja sína leikskólavist á haustin þegar elstu börn leikskóla fara í grunnskóla. Því má því gera ráð fyrir auknum fjölda barna á biðlista þegar nær dregur stóru innritun í leikskóla í mars á næsta ári. Foreldrar sækja samkvæmt reglum um að allt að sjö leikskóla og að lágmarki tvo. Í núgildandi reglum er ekki heimild til að innrita börn og/eða veita forgang út frá hverfi og því ekki hægt að koma í veg fyrir að foreldrar í öðrum hverfum sæki um pláss í leikskólanum fyrir börnin sín.

Skilmálar deiliskipulags varðandi verndun gróðurs er enn í gildi. *Innan deiliskipulagsreitsins er sett ný hverfisvernd gróðurs þar sem sýnt er belti á suðurhluta og vesturhluta lóðarinnar. Samkvæmt gróður úttekt er mest gildi í greninu sem liggur að Svartaskógi og rennur saman við hann. Lagt er til að halda greninu sem mest og grisja það varlega en trjágróðurinn fyrst og fremst virði sem heild frekar en að einstaka tré hafi mikið gildi. Öll grisjun þarf að vera í samráði við Garðyrkjustjóra Reykjavíkur. Einnig er kvöð um gróður til þess að halda í græna ásýnd meðfram Fossvogsvegi.*

Athugasemdin hefur verið metin og gefur ekki tilefni til breytinga á deiliskipulagstillögunni

8. Fagnar nýjum leikskóla í hverfinu en hefur verulega áhyggjur af fjölgun leikskólabarna úr 150-200 og þeim áhrifum sem fjölgunin mun hafa á umferð á Fossvogsvegi. Í dag er gjarnan lagt bílum meðfram götunni og gatan því einbreið á köflum. Áhyggjur af því að bílastæði í tillögunni séu ekki nógu mörg og það sé hætta á að foreldrar leggi bílum í nærliggjandi götu. Óskað er eftir að áður en breytingin verði samþykkt liggi fyrir raunhæft og ítarlegt umferðar og öryggismat sem taki mið af raunverulegum

aðstæðum í Fossvogsvegi. Einnig er óskað eftir að umferðar og bílastæðalausnir verði endurskoðaðar í samráði við íbúa.

Svar: Tekið er undir mikilvægi umferðaröryggis. Fyrir liggur uppfært samgöngumat vegna leikskólans þar sem áhrif starfseminnar á umferð og umferðaröryggi eru metin sérstaklega. Niðurstaða matsins er að gatnakerfið geti tekið við áætlaðri umferð vegna leikskólans og að umferðarmagn verði áfram undir afkastagetu götunnar. Íbúar benda réttilega á að bílar sem lagt er í norðurkanti Fossvogsvegar þrengja akstursrýmið og geta valdið því að bílar sem aki götuna komast ekki fram hjá bílum sem þar er lagt. Þótt þrengingar geti haft þau jákvæðu áhrif að draga úr ökuhraða er ekki ásættanlegt að blindhorn skapist eða umferð teppist algjörlega.

Lagt er til að bannað verði að leggja bifreiðum í götukanti Fossvogsvegar á móts við bílaplan leikskólans og næst gatnamótum við Markarveg og Kjarrveg. Með því verða tryggð mætingarpláss á götunni (með 150–200 m millibili) og greið leið fyrir neyðarbíla og sorphirðubifreiðar.

Athugasemdin hefur verið metin og gefur ekki tilefni til breytinga á deiliskipulagstillögunni

9. Ósáttur með samráðsferlið og telur að allir íbúar sem keyra um götuna hafi átt að fá kynningu á deiliskipulaginu og breytingu á því. Hefur áhyggjur af aðgengi og umferð sem fylgir 200 barna leikskóla.

Svar: Samráðsferlið er í samræmi við skipulagslög. Tillagan að breytingu á deiliskipulagi er auglýst til þess að íbúar og aðrir hagmunaaðilar hafi möguleika á að koma með athugasemdir sem Reykjavíkurborg metur hvort gefi tilefni til breytinga. Þetta er hluti af samtali sem borgin á við íbúa og í því samhengi þarf að vega og meta hagsmuni núverandi nágranna, þarfir barna og fjölskyldna og skyldur til að tryggja leikskólapláss og jafnt aðgengi að þjónustu. Bílastæðaframboð og umferðaráhrif hafa verið metin sérstaklega í samgöngumati og liggja þær niðurstöður til grundvallar tillögunni.

Athugasemdin hefur verið metin og gefur ekki tilefni til breytinga á deiliskipulagstillögunni

10. Hefur áhyggjur af bílaumferð sem fylgir stækkun leikskólans, bendir á að betra hefði verið að staðsetja leikskólann á túninu fyrir neðan Borgarspítalann í sambandi við umferðatengd vandamál. Lögð er fram hugmynd að gera Fossvogsveg að einstefnugötu til að taka á umferðarvandanaum.

Svar: Val á staðsetningu leikskólans hefur þegar verið ákveðin í gildandi deiliskipulagi. Fyrir liggur uppfært samgöngumat vegna leikskólans þar sem áhrif starfseminnar á umferð og umferðaröryggi eru metin sérstaklega. Niðurstaða matsins er að gatnakerfið geti tekið við áætlaðri umferð vegna leikskólans og að umferðarmagn verði áfram undir afkastagetu götunnar. Jafnframt eru lagðar fram tillögur að umferðaröryggisaðgerðum og mælt með að fylgst verði með hraðaþróun á Fossvogsvegi. Bílastæðaframboð og umferðaráhrif hafa verið metin sérstaklega í samgöngumati og liggja þær niðurstöður til grundvallar tillögunni.

Ekki er talið heppilegt að breyta Fossvogsvegi í botnlangagötu eða einstefnu að svo stöddu. Botnlangi myndi neyða alla umferð um Eyrarland eða snúa allri umferð leikskólans og íbúa um sömu gatnamót, auk þess að torvelda aðgengi neyðarbíla og

sorphirðu. Reynslan sýnir jafnframt að einstefna leiðir oft til hærri akstursrhaða þar sem ökumenn leyfa sér að aka hraðar í trausti þess að engin komi á móti. Áfram verður því byggt á tvístefnu þó því verði haldið opnu að breyta því síðar þyki það vænlegur kostur.

Athugasemdin hefur verið metin og gefur ekki tilefni til breytinga á deiliskipulagstillögunni

11. Hefur áhyggjur af umferð sem tengist stærð leikskólans. Bendir á staðsetningu nær Borgarspítalanum sem væri heppilegri með tilliti til umferðar. Bendir á mögulegar aðgerðir til þess að auka öryggi á svæðinu eins og aukna lýsingu og einstefnu.

Svar: Val á staðsetningu leikskólans hefur þegar verið ákveðin í gildandi deiliskipulagi. Fyrir liggur uppfært samgöngumat vegna leikskólans þar sem áhrif starfseminnar á umferð og umferðaröryggi eru metin sérstaklega. Niðurstaða matsins er að gatnakerfið geti tekið við áætlaðri umferð vegna leikskólans og að umferðarmagn verði áfram undir afkastagetu götunnar. Jafnframt eru lagðar fram tillögur að umferðaröryggisaðgerðum og mælt með að fylgst verði með hraðaþróun á Fossvogsvegi.

Athugasemdin hefur verið metin og gefur ekki tilefni til breytinga á deiliskipulagstillögunni

12. Áhyggjur af fjölgun barna í leikskólanum og þá umferð sem aukningin mun hafa i för með sér. Telur nauðsynlegt að fram fari ítarlegt og raunhæft mat á áhrifum breytingarinnar á umferðarþunga og umferðaröryggi í nærliggjandi götu og skoða sérstaklega aðkomuleiðir, raunverulegan bílafjölda á álagstímum og öryggi barna sem ganga eða hjóla um hverfið. Telur breytinguna fela í sér verulega skerðingu á umferðaröryggi og lífsgæðum íbúa hverfisins og skorar á Reykjavíkurborg að endurskoða tillöguna. Telur einnig að öryggi barna og íbúa hverfisins verði að vega þyngra en það hagræði sem fæst með því að fjölga leikskólaplássum á þessum stað.

Svar: Fyrir liggur uppfært samgöngumat vegna leikskólans þar sem áhrif starfseminnar á umferð og umferðaröryggi eru metin sérstaklega. Niðurstaða matsins er að gatnakerfið geti tekið við áætlaðri umferð vegna leikskólans og að umferðarmagn verði áfram undir afkastagetu götunnar. Bent hefur verið á að starfsfólk gæti nýtt stóran hluta þessara stæða. Rétt er að hafa í huga að vinnutími starfsfólks í leikskólum er að einhverju leyti breytilegur og dreifist þannig nokkuð yfir daginn. Reykjavíkurborg rekur virka samgöngustefnu fyrir starfsfólk sitt (með samgöngusamningum, styrkjum og bættri hjólaaðstöðu) sem dregur úr bílanotkun til og frá vinnu. Varðandi komu foreldra með börn er miðað við að meðalviðdvöl við leikskóla sé stutt (á bilinu 7–10 mínútur) og dreifist yfir um einnar og hálfrar til tveggja klukkustunda tímabil á morgnana og síðdegis. Þau 10 stæði sem skilgreind eru skammtímastæði fyrir foreldra hafa því mikla veltu.

Athugasemdin hefur verið metin og gefur ekki tilefni til breytinga á deiliskipulagstillögunni

13. Telur að hverfið ráði ekki við þá bílaumferð sem fylgir svo stórum leikskóla. Bendir á að það væri mikil synd ef gengið yrði enn frekar á útvistar- og leiksvæðið sem dalurinn er.

Svar: Breytingin felur ekki í sér frekari stækkun byggingar eða skerðingu á útivistarsvæðum umfram gildandi skipulag. Nýr leikskóli með góðu leiksvæði mun vera viðbót við núverandi útivistarsvæði dalsins og auka lífsgæði barna á svæðinu.

Fyrir liggur uppfært samgöngumat vegna leikskólans þar sem áhrif starfseminnar á umferð og umferðaröryggi eru metin sérstaklega. Niðurstaða matsins er að gatnakerfið geti tekið við áætlaðri umferð vegna leikskólans og að umferðarmagn verði áfram undir afkastagetu götunnar

Athugasemdin hefur verið metin og gefur ekki tilefni til breytinga á deiliskipulagstillögunni

14. Óánægja með að ekki sé tekið tillit til áhyggja íbúa um stærð leikskólans á fyrri stigum málsins og nú sé verið að stækka skólann um 33%. Tekur fram að ekki sé lengur þörf á svo stórum leikskóla á þessu svæði þar sem hætt var við íbúabyggð við Borgarspítalann. Bendir á bókun sjálfstæðisflokksins á fyrri stigum þar sem tekið er undir áhyggjur íbúa varðandi stærð leikskólans og aukinni umferð.

Svar: Varðandi þörf fyrir leikskólapláss á þessu svæði þá eru mörg börn 12 mánaða og eldri á biðlista eftir leikskólaplássi í hverfinu. Flest börn hefja sína leikskólavist á haustin þegar elstu börn leikskóla fara í grunnskóla. Því má því gera ráð fyrir auknum fjölda barna á biðlista þegar nær dregur stóru innritun í leikskóla í mars á næsta ári. Foreldrar sækja samkvæmt reglum um að allt að sjö leikskóla og að lágmarki tvo. Í núgildandi reglum er ekki heimild til að innrita börn og/eða veita forgang út frá hverfi og því ekki hægt að koma í veg fyrir að foreldrar í öðrum hverfum sæki um pláss í leikskólanum fyrir börnin sín.

Athugasemdin hefur verið metin og gefur ekki tilefni til breytinga á tillögunni

15. Gagnrýnir þá áætlun að hafa svo stórann leikskóla á þessu svæði, tekur fram að leikskóli af þessari stærðargráðu sé fordæmalaus. Hefur áhyggjur að þessi leikskóli muni þjóna börnum úr öðrum hverfum. Gagnrýnir bílastæðafjölda og aukna umferð í götunni vegna leikskólans.

Svar: Við hönnun nýrra leikskóla í Reykjavík er miðað við að jafnaði verði 6-10 deildir undir einu þaki. Miðað er við að í hverjum leikskóla sé ein sérhæfð ungbarnadeild, að ungbarnadeildir séu fyrir 12-16 börn, miðdeildir 16-20 börn og elstu barna deildir 20-24 börn. Heildarfjöldi barna verði að hámarki 200. Það er fordæmi um þessa stærð leikskóla í Reykjavík, til að mynda Rauðhóll í Norðlingaholti.

Varðandi þörf fyrir leikskólapláss á þessu svæði þá eru mörg börn 12 mánaða og eldri á biðlista eftir leikskólaplássi í hverfinu. Flest börn hefja sína leikskólavist á haustin þegar elstu börn leikskóla fara í grunnskóla. Því má því gera ráð fyrir auknum fjölda barna á biðlista þegar nær dregur stóru innritun í leikskóla í mars á næsta ári. Foreldrar sækja samkvæmt reglum um að allt að sjö leikskóla og að lágmarki tvo. Í núgildandi reglum er ekki heimild til að innrita börn og/eða veita forgang út frá hverfi og því ekki hægt að koma í veg fyrir að foreldrar í öðrum hverfum sæki um pláss í leikskólanum fyrir börnin sín.

Fyrir liggur uppfært samgöngumat vegna leikskólans þar sem áhrif starfseminnar á umferð og umferðaröryggi eru metin sérstaklega. Niðurstaða matsins er að gatnakerfið geti tekið við áætlaðri umferð vegna leikskólans og að umferðarmagn verði áfram undir afkastagetu götunnar

Fjöldi bílastæða hefur verið ákvarðaður á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um bíla- og hjólastæði og sérstaklega yfirfarinn í samgöngumati. Niðurstaðan er að viðmiðunarþörf sé 31 stæði. Tillagan gerir ráð fyrir 33 stæðum auk stæðis vegna vörumóttöku og uppfyllir því framsett viðmið. Bent hefur verið á að starfsfólk gæti nýtt stóran hluta þessara stæða. Rétt er að hafa í huga að vinnutími starfsfólks í leikskólum er að einhverju leyti breytilegur og dreifist þannig nokkuð yfir daginn. Reykjavíkurborg rekur virka samgöngustefnu fyrir starfsfólk sitt (með samgöngusamningum, styrkjum og bættri hjólaaðstöðu) sem dregur úr bílanotkun til og frá vinnu. Varðandi komu foreldra með börn er miðað við að meðalviðdvöl við leikskóla sé stutt (á bilinu 7–10 mínútur) og dreifist yfir um einnar og hálfrar til tveggja klukkustunda tímabil á morgnana og síðdegis. Þau 10 stæði sem skilgreind eru skammtímastæði fyrir foreldra hafa því mikla veltu.

Athugasemdin hefur verið metin og gefur ekki tilefni til breytinga á deiliskipulagstillögunni

Niðurstaða

Að mati Reykjavíkurborgar hafa ekki komið fram þau rök eða gögn sem gefa tilefni til að hafna eða breyta þeirri deiliskipulagsbreytingu sem lögð er fram. Fyrir liggur uppfært samgöngumat þar sem metin eru áhrif fjölgunar barna, bíla- og hjólastæðaþörf og umferðaröryggi. Breytingin felur ekki í sér aukið byggingarmagn heldur fyrst og fremst breytingu á rekstrarforsendum leikskólans ásamt nauðsynlegri aðlögun stæða og aðstöðu. Jafnframt er lagt til að fylgst verði með þróun umferðar og gripið til viðeigandi mótvægisaðgerða ef tilefni reynist til.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Hrönn Valdimarsdóttir

verkefnastjóri

Reykjavík